



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Gullslétta 1 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 2. febrúar 2023 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. janúar 2023, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. janúar 2023 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Aðeignarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Íbúum Kjalarness finnst þeim hafa verið sýnd vanvirðing vegna Gullsléttu 1. Íbúar hafa enn ekki fengið svör við innsendum athugasemdum sínum frá borginni, þrátt fyrir að búið sé að birta þau opinberlega í fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. janúar 2023, 7. mál. Fulltrúi Flokks fólksins bendir á að íbúaráð Kjalarness óskaði eftir kynningafundi vegna fyrirhugaðra breytinga frá skipulaginu og heilbrigðiseftirlitinu þar sem ætlað er að þessi stóru hús verði 1,5 metrum hærri en þau hús sem fyrir eru á svæðinu skv. núverandi skipulagi, þ.e. 9,0 metrar í 10,5 metra. Þessi hús eru samhliða Vesturlandsveginum og breyta því ásýnd hverfisins fyrir alla þá sem aka til og frá borginni. Flokki fólksins finnst að taka eigi meira tillit til þess sem fram kemur hjá íbúaráðum almennt séð. Til hvers eru verið að halda úti íbúaráðum ef ekki á að hlusta á það sem fram kemur frá þeim?

Helga Björk Laxdal
e.u.